

Alþingi

Erindi nr. Þ 112 / 811

komudagur 314 1990



FÉLAG VIÐSKIPTAFRÆÐINGA
OG HAGFRÆÐINGA

FORENINGEN AF
ISLANDSKE ØKONOMER

THE ASSOCIATION OF
ICELANDIC ECONOMISTS

P.O. BOX 5184 125 REYKJAVÍK - ICELAND

Sjávarútvegsnefnd efri deildar
Alþingi
150 Reykjavík

30. mars 1990

Með bréfi dags. 21. þ.m. óskaði sjávarútvegsnefnd efri deildar eftir umsögn Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (FVH) um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Stjórn félagsins samþykkti á fundi sínum hinn 29. þ.m. eftirfarandi umsögn um frumvarpið:

Stjórn FVH telur að það skipti velferð þjóðarinnar höfuðmáli og möguleikum hennar til að búa við sambærileg lífskjör og gengur og gerist meðal iðnaðarþjóða í Vestur-Evrópu að auðlindir hennar í hafinu umhverfis landið séu nýttar á sem hagkvæmasta hátt. Samstaða virðist vera um það á milli fræðimanna og annarra, sem um málið hafa fjallað, að veiðigeta fiskiskípaflotans og afkastageta fiskvinnslustöðva sé alltof mikil og að núverandi kvótakerfi hafi ekki nema í takmörkuðum mæli megnað að draga úr þessari umframframleiðslugetu.

Stjórn félagsins telur að árangursríkasta leiðin til að laða fram aukna hagkvæmni í sjávarútvegi sé að úthluta veiðiheimildum til frambúðar og að þær séu ekki bundnar við einstök skip heldur selji ríkið þær á opnum markaði, enda eru nytjastofnar á Íslandsmiðum sameign íslensku þjóðarinnar, eins og segir í 1. gr. frumvarpsins, en ekki séreign útgerðarmanna, og óverjandi að tilteknum hópi þjóðarinnar séu afhentar veiðiheimildir, sem eru tilvísun á mikil auðæfi, án þess að greiðsla komi fyrir. Þá er ekki síður mikilvægt að engar hömlur séu lagðar á viðskipti með veiðiheimildir.

Í frumvarpinu er sú leið valin að leyfa aukið framsal veiðiheimilda frá því sem nú er. Stjórn FVH telur að hér sé um jákvæða en ófullnægjandi breytingu að ræða og bendir jafnframt á að aukin viðskipti með veiðiheimildir munu hafa mikil áhrif á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi, tekjuskiptingu í landinu og afkomu einstakra byggðarlaga. Ekki er að sjá af greinargerðinni með frumvarpinu að þessi atriði hafi verið könnuð svo nokkru nemi og er það furðulegt þar sem hér er um eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar að ræða.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar FVH

Guðrún Þorvaldsson
framkv. stjórn